

## Niðurstöður aðalfundar Ölgerðarinnar Egill Skallagrímsson hf., 25. maí 2023

Aðalfundur Ölgerðarinnar Egill Skallagrímsson hf., var haldinn í höfuðstöðvum félagsins að Grjóthálsi 7-11, Reykjavík, hinn 25. maí 2023, kl. 16:00.

Niðurstöður fundarins voru eftirfarandi:

### 1. Ársreikningur (dagskrárliður 2).

Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár var lagður fram og samþykktur.

### 2. Breytingar á samþykktum (dagskrárliður 3).

Tillögur stjórnar um breytingar á samþykktum félagsins voru samþykktar. Meginefni tillagna stjórnar var eftirfarandi:

- Breyting á 2. mgr. 4. gr.: heimild stjórnar til að hækka hlutafé félagsins framlengd til 25. maí 2028.
- Ákvæði 2. mgr. 5. gr. felld brott.
- Breyting á 3. mgr. 10. gr.: lagt til að félagsstjórn geti ákveðið að hluthafar sem hyggjast taka þátt í rafrænum hluthafafundi með rafrænum hætti tilkynni félaginu um slíka þátttöku allt að tveimur dögum fyrir fundinn, í stað fimm daga líkt og samkvæmt gildandi samþykktum.
- Breyting á 3. mgr. 11. gr.: tilhögun boðunar til hluthafafunda í félaginu breytt, þannig að til þeirra verði boðað með auglýsingum í fjölmiðlum, með auglýsingu í fréttakerfi kauphallar eða með öðrum sannanlegum hætti.
- Breyting á 1. mgr. 16. gr.: ákvæði um varamann í stjórn felld brott, þannig að stjórn félagsins verði eingöngu skipuð fimm aðalmönnum.

### 3. Kjör stjórnar og endurskoðanda (dagskrárliður 4).

Á fundinum fór fram stjórnarkjör.

Stjórnin er þannig skipuð:

- Gerður Huld Arinbjarnardóttir
- Hermann Már Þórisson
- Magnús Árnason
- Októ Einarsson
- Rannveig Eir Einarsdóttir

Stjórnin hefur skipt með sér verkum og er Októ Einarsson formaður stjórnar og Hermann Már Þórisson varaformaður stjórnar.

PricewaterhouseCoopers ehf. var endurkjörið sem endurskoðandi félagsins.

### 4. Meðferð hagnaðar félagsins á liðnu starfsári (dagskrárliður 5).

Samþykkt var að ekki yrði greiddur út arður til hluthafa vegna rekstrarársins heldur verði hagnaði félagsins á starfsárinu ráðstafað til hækkunar á eigin fé.

### 5. Greiðslur til stjórnarmanna og nefndarmanna í undirnefndum stjórnar fyrir störf þeirra á starfsárinu (dagskrárliður 6).

Samþykkt var tillaga stjórnar um eftirfarandi greiðslur til stjórnarmanna og nefndarmanna í undirnefndum stjórnar fyrir störf þeirra á starfsárinu:

Mánaðarleg stjórnarlaun fyrir almennan stjórnarmann: kr. 360.000, en formann stjórnar kr. 720.000 og varaformann kr. 540.000.

Mánaðarlegar greiðslur til nefndarmanna í endurskoðunarnefnd: kr. 65.000, en til formanns nefndarinnar kr. 150.000.

Mánaðarlegar viðbótargreiðslur til stjórnarmanna sem sitja í starfskjaranefnd: kr. 45.000, en að aðrir nefndarmenn starfskjaranefndar fái greitt samkvæmt tímagjaldi.

Þá var samþykkt að endurskoðendur félagsins fengju greitt í samræmi við útgefna reikninga, sem samþykktir hafa verið af hálfu félagsins.

## **6. Starfskjarastefna félagsins (dagskrárliður 7).**

Starfskjarastefna félagsins var samþykkt án breytinga.

Fundargerð aðalfundarins verður gerð aðgengileg á heimasíðu félagsins félagsins, <https://www.olgerdin.is/fjarfestar/hluthafafundur>.